

Alþingi
Erindi nr. P 143/448
komudagur 29.11.2013

27. nóvember 2013

Sendandi:

Anna Gunnarsdóttir, MD, PhD
Formaður lækna ráðs Landspítala
Landspítali Hringbraut, 21 D

143. löggjafarþing 2013–2014.

Umsögn varðandi þingskjal 10. – 10. mál er varðar tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala.

Læknaráð Landspítala fagnar þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala. Fyrirhuguð bygging nýs Landspítala hefur staðið fyrir lengi eins og rakið er í meðfylgjandi greinagerð með tillögunni. Framkvæmdin hefur þó dregist á langinn vegna ýmissa ástæða og er ekki enn hafin.

Læknaráð Landspítala hefur lengi bent á nauðsyn þess að sameina starfsemi Landspítalans á einn stað og mikilvægi þess að byggja nýja byggingu til að mæta nútímakröfum um aðstöðu og öryggi fyrir sjúklinga og starfsmenn spítalans. Læknaráð Landspítala styður því heilshugar fyrirliggjandi þingsályktunartillögu og hvetur til þverpólítískar samstöðu um að hefja byggingu nýs Landspítala.

Læknaráð Landspítala vill þó vara við lið eitt í hugsanlegum fjáröflunarleiðum til að fjármagna byggingu nýs Landspítala þar sem óraunhæft er að ætla að hægt sé að skera frekar niður í rekstrarfé til spítalans heldur en þegar hefur verið gert.

Virðingafyllst

Anna Gunnarsdóttir, MD, PhD
Formaður lækna ráðs Landspítala